

BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR HAUSTIÐ 2019

KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á HAUSTÖNN 2019



Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga á þriðjudögum og fimmtudögum á haustönn 2019. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsónaraðila. Um er að ræða þrjár myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og sýnum klippur fyrir myndir til að útskýra kvikmyndatöku, tækniþrellur, vísanir í kvikmyndasöguna, greiningu á sviðsmynd og leik.

Við verðum að vanda með fjölbreytt úrval kvikmynda þetta haustið. Við sýnum Krakkann sem er ein af hugljúfustu myndum Chaplin, Kirikou og villidýrin og Söng hafsins, en þær tvær síðastnefndu eru fyrir efstu bekkji leikskóla og yngstu bekkji grunnskóla. Temað í vetur eru fjölskyldutengsl. Við sýnum verðlaunamyndirnar Í betri heimi og Hærra en sprengjur sem fjalla um vandamál ungmenna sem eru að finna sjálfa sig og tengsl þeirra við fjölskyldur þeirra. Við könnum hvernig ævintýrið um Pétur Pan varð til í myndinni Finding Neverland og skoðum mjög sérstaka fjölskyldu í The Royal Tenenbaums.

Við fjöllum um MacCarthy-tímabilið á tímum kalda stríðsins í Bandaríkjunum í tengslum við myndina Í deigluinni sem sýnir jafnframt kjör landnema í Salem í lok 17. aldar og Watergate-hneykslið og Richard Nixon í myndinni Frost/Nixon, sem er jafnframt áhugavert fyrir þá sem hafa áhuga á blaðamennsku og stjórnmálum. Við förum á slóðir kvikmyndasögunnar með myndinni Hugo þar sem fjallað er um helsta frumkvöðul kvikmyndanna, Georges Méliès en leikstjóri myndarinnar er Martin Scorsese. Á undan myndinni sýnum við sögu tækniþrella frá upphafi til okkar tíma.

Myndin Á leið í skólann er skylduáhorf fyrir unga nemendur, en í myndinni kynnumst við börnum frá fjórum framtíðslóðum sem þurfa að leggja á sig mjög mikið erfiði við að komast í skólann til að mennta sig og öðlast betra líf.

Við sýnum áfram úr lykilkvikmyndum á undan sýningum til frekari fræðslu. Hér fyrir neðan má sjá dagskrána og umfjöllun um hverja mynd.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: oddnysen@gmail.com



GRUNNSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2019

KIRIKOU OG VILLIDÝRIN 1.-5. bekkur

SÖNGUR HAFSINS 1.-5. bekkur

FINDING NEVERLAND 7.-10. bekkur

Í BETRI HEIMI 10. bekkur

THE ROYAL TENEMBAUMS 8.-10. bekkur

Í DEIGLUNNI 9.-10. bekkur

THE KID 3.-7 bekkur - Bíóklassík 5.-10. bekkur

Á LEIÐ Í SKÓLANN 2.-7. bekkur

HÆRRA EN SPRENGJUR 8.-10. bekkur

FROST/NIXON 8.-10. bekkur

HUGO 2.-4. bekkur

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com



KIRIKOU OG VILLIDÝRIN



TEGUND OG ÁR: Ævintýri, teiknimynd, 2005

LENGD: 73 Mínútur

FRAMLEIÐSLULAND: Frakkland, Víetnam

LEIKSTJÓRI: Michel Ocelot

AÐALHLUTVERK: Pierre-Ndoffé Sarr, Awa Sena Sarr, Robert Liensol

TUNGUMÁL: Íslenskt tal

Í Kirikou og villidýrin er fjallað áfram um viðureign Kirikou og galdranornarinnar Karöbu þar sem afa drengsins fannst vanta heilmikið í fyrri söguna um Kirikou og galdranornina. Áfram er sagt frá hugvitssemi Kirikou litla sem hefur alltaf ráð undir hverju rífi. Þegar Karaba eyðileggur uppskeruna og hungursneyð blasir við gerist Kirikou leirkerasmiður til að bjarga málunum. Hann lætur sér það ekki nægja, heldur gerist líka læknir... og margt fleira.

Myndin gerist á framandi slóðum þar sem gróður og dýralíf Austur-Afríku nýtur sín til fulls í þessari einstöku baráttu góðs og illis.

SÖNGUR HAFSINS



TEGUND OG ÁR: Ævintýri, teiknimynd, 2014

LENGD: 93 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Írland/Danmörk

LEIKSTJÓRI: Tomm Moore

ADALHLUTVERK: David Rawle, Brendan Gleeson, Fionnula Flanagan

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Þessi hrífandi ævintýramynd fjallar um írsku drenginn Ben og litlu systur hans, Saoirse, sem getur breytt sér í sel. Þau leggja af stað í ævintýralegan leiðangur um goðsagnarkennd undur hafsins til að frelsa álfana og bjarga heimi andanna.

Myndin er innblásin af Selkies-verunum í írskum munnmælasögum, sem eru selir í sjónum en verða að mönnum þegar þær koma á land. Hún hefur hlotið fjölda verðlauna og var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda teiknimyndin 2015.

Söngur frá hafinu er með ensku tali og enskum texta, en börnin fá ítarlegar upplýsingar um söguþráðinn fyrir sýningu og myndin er svo sjónrænt grípandi að það ætti ekki að valda yngstu börnunum vandamálum.

FINDING NEVERLAND



TEGUND OG ÁR: Skáldsaga byggð á sönnum atburðum, 2004

LENGD: 101 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bretland

LEIKSTJÓRI: Marc Forster

AÐALHLUTVERK: Johnny Depp, Kate Winslet, Dustin Hoffmann

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Ævintýrið um Pétur Pan hefur lengi heillað börn og unglunga og í þessari mynd er sagt frá því hvernig rithöfundurinn J. M. Barrie fékk hugmyndina að þeirri sögu.

Barrie er að skrifa leikrit en gengur illa og af tilviljun hittir hann fjölskyldu í almenningsgarði, fjóra drengi og móður þeirra sem er ekkja. Kynni Barrie af þessari fjölskyldu varð innblásturinn að sögunni um Hvergiland og Pétur Pan.

Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir bestu mynd, handrit, tónlist og Johnny Depp var tilnefndur fyrir besta leik í aðalhlutverki. Myndin var síðar sett upp í söngleikjaformi árið 2012 og vakti mikla athygli.

Í BETRI HEIMI



TEGUND OG ÁR: Leikin kvikmynd, 2010

LENGD: 115 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: DANMÖRK

LEIKSTJÓRI: Susanne Bier

AÐALHLUTVERK: Mikael Persbrandt, Trine Dyrholm og Markus Rygaard

TUNGUMÁL: Danska með íslenskum texta

Myndin segir frá læknum Antoni sem starfar í smábæ í Danmörku og flóttamannabúðum í Súdan. Á báðum stöðunum er hliðstæður vandi: Kúgun og einelti þótt menningarheimarnir séu ólíkir. Anton og eiginkona hans Marianne eru að skilja. Þau eiga tvo syni og sá eldri, Elias, sem er tíu ára, verður fyrir miklu einelti í skólanum.

Elias kynnist Christian, sem er nýfluttur frá Englandi eftir að móðir hans deyr úr krabbameini. Christian hefur ekki unnið úr sorginni yfir móðurmissinum og þeir Elias tengjast sterkum böndum þar sem báðir eru utangarðs. Christian kennir Eliasi hættulegan leik sem tengist hefnd, en þungamiðja myndarinnar er baráttan á milli fyrirgefningar og hefndar.

Í betri heimi hlaut Óskarsverðlaunin fyrir bestu erlendu myndina árið 2010.

THE ROYAL TENENBAUMS



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 2001

LENGD: 109 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Wes Anderson

ADALHLUTVERK: Danny Glover, Gene Hackman, Anjelica Huston

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

The Royal Tenenbaums fjallar um mjög svo sérstaka fjölskyldu, en myndin er innblásin af bókmenntastíl J.D. Salinger. Hún segir frá þremur systkinum sem náðu góðum árangri í æsku en upplifa mikil vonbrigði þegar þau vaxa úr grasi. Faðir systkinanna yfirgaf þau þegar þau voru á unglingsárum en snýr aftur og þykist vera með banvænan sjúkdóm til að öðlast fyrirgefningu.

Að vanda verður varpað ljósi á kvikmyndagerð Wes Anderson og fjallað um nálgun hans á viðfangsefninu. Gene Hackman, sem leikur fjölskylduföðurinn, hlaut Golden Globe-verðlaunin og AFI-verðlaunin fyrir besta leikinn.

Í DEIGLUNNI



TEGUND OG ÁR: Sögulegt drama, 1996

LENGD: 123 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Nicholas Hytner/ **HANDRITSHÖFUNDUR:** Arthur Miller

AÐALHLUTVERK: Daniel Day-Lewis, Winona Ryder, Joan Allen

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin


TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Á tímum kalda stríðsins var sett á laggirnar nefnd sem rannsakaði svokölluð “óamerísk athæfi” og meðal annars voru listamenn yfirheyrðir og neyddir til að gefa upp nöfn vina og samstarfsmanna. Arthur Miller var að rannsaka nornaveiðarnar í Salem á þeim tíma og fékk þá hugmynd að skrifa leikrit sem fjallaði um hvort tveggja.

Myndin gerist árið 1692 í Salem í Massachusetts. Nokkrar stúlkur eru að dansa í skógi þegar frændi einnar þeirra, guðhræddur prestur, kemur að þeim. Dans er bannaður og stúlkurnar flýja, en dóttir prestsins fellur í yfirið. Í fyrstu er álitid að stúlkan sé að gera sér þetta upp, en presturinn fær aðra klerka til að koma til Salem og rannsaka málið.

Arthur Miller var tilnefndur til Óskarsverðlaunanna fyrir besta handritið og Winona Ryder og Daniel Day-Lewis hlutu mikið lof fyrir frábæran leik.

THE KID



TEGUND OG ÁR: *Gamanmynd, 1921*

LENGD: *68 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *Charles Chaplin*

AÐALHLUTVERK: *Charles Chaplin, Jackie Coogan, Edna Purviance*

TUNGUMÁL: *Þögn með textaskiltum*

Krakkinn var fyrsta kvikmynd Chaplin í fullri lengd. Flækingurinn finnur barn sem móðirin neyðist til að yfirgefa vegna erfiðra aðstæðna og tekur það að sér. Drengurinn er skemmtilegur og uppátektarsamur og þeir flækingurinn tengjast sterkum böndum. Fimm árum seinna fer móðirin að leita að barninu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, en flækingurinn leggur allt í sölurnar til að halda drengnum.

Chaplin gerði myndina sex mánuðum eftir að hann missti eigin son, en útkoman er grátbroslegt meistaraverk sem hefur staðið tímans tönn.

SUR LE CHEMIN DE L'ÉCOLE - Á LEIÐ Í SKÓLANN



TEGUND OG ÁR/Heimildamynd, 2013

LENGD: 77 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: FRAKKLAND

LEIKSTJÓRI: Pascal Plisson

AÐALHLUTVERK: Zahira Badi, Carlito, Zineb Elkabi, Emmanuel L. Esther

TUNGUMÁL: Franska með íslenskum texta

Þessi gríðarlega vinsæla heimildarmynd segir frá þeim Jackson frá Kenía, Carlito frá Argentínu, Zahira frá Marokkó og Samuel frá Indlandi sem öll eiga það sameiginlegt að þurfa að ferðast gífurlega langar vegalengdir til þess eins að komast í skólann. Myndin hlaut hin virtu Cesar-verðlaun árið 2014 sem besta heimildamyndin.

Þetta er mynd sem allir þurfa að sjá sem finnst erfitt að fara í skólann!

HÆRRA EN SPRENGJUR



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, 2015*

LENGD: 109 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: NOREGUR

LEIKSTJÓRI: *Joachim Trier*

AÐALHLUTVERK: *Jesse Eisenberg, Gabriel Byrne, Isabelle Huppert*

TUNGUMÁL : Enska með íslenskum texta

Þessi hugljúfa mynd fjallar um uppvaxtarárin og samskipti þriggja kynslóða innan sömu fjölskyldu. Sýning á verkum ljósmyndarans Isabelle Reed, þremur árum eftir ótímabæran dauða hennar, verður til þess að elsti sonur hennar Jonah kemur aftur heim til föður síns, Gene, og yngri bróður síns, Conrad. Gene reynir eins og hann getur að mynda tengsl við syni sína, en þeir eiga erfitt með að sættast við tilfinningar sínar við konuna, sem þeir muna á svo ólíkan hátt. Myndin fjallar jafnframt um listsköpun og fyrstu ástina.

Myndin var tilnefnd til Gullpálmans í Cannes og hlaut Norsku gagnrýnendaverðlaunin árið 2016.

FROST/NIXON



TEGUND OG ÁR: Mynd byggð á sönnum atburðum, 2008

LENGD: 122 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Ron Howard

AÐALHLUTVERK: Michael Sheen, Frank Langella, Kevin Bacon

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Frost/Nixon fjallar um sanna atburði sem gerðust árið 1977. Eftir Watergate-hneykslið sem olli því að Richard Nixon sagði af sér forsetaembætti 1974, ákveður ungur og metnaðargjarn sjónvarpsmaður, David Frost að taka viðtal við Nixon og ræða um ár hans í forsetaembætti. Öllum til undrunar samþykkti Nixon viðtölin í og með til að bæta ímynd sína gagnvart bandarísku þjóðinni.

Viðtölin vöktu heimsathygli en 400 milljónir manna fylgdist með þeim. Ekki er síður spennandi að fylgjast með hvað gerðist að tjaldabaki þegar myndavélarnar voru ekki í gangi. Áhorfandinn kynnist bæði Nixon og Frost og fær betri skilning á Watergate-málinu fyrir vikið, en Frost spurði Nixon óvæntra spurninga sem vörpuðu ljósi á umdeild ár hans í forsetaembætti og Watergatemálið.

HUGO



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, 2008*

LENGD: *126 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *Martin Scorsese*

AÐALHLUTVERK: *Ben Kingsley, Sasha Baron Cohen, Asa Butterfield*

TUNGUMÁL: *Enska með íslenskum texta*

Kvikmyndin Hugo gerist í París á fjórða áratugnum og segir frá ellefu ára dreng, Hugo, sem elst upp hjá föður sínum sem er vísindamaður. Þegar faðir Hugo deyr, flytur Hugo til frænda síns sem sér um klukkur á brautarstöð í París en lætur sig síðan hverfa, svo Hugo þarf að sjá um sig sjálfur og halda öllum klukkunum á brautarstöðinni gangandi.

Hugo kynnist leikfangasmið sem ber nafn eins helsta frumkvöðuls kvikmyndanna, Georges Méliès, en saga hans er fléttuð inn í verkið. Hugo þarf jafnframt að finna lykil að vélmenni sem faðir hans var að vinna að og þá hefst ævintýrið fyrir alvöru.

SÝNINGAR:

FIMMTUDAGUR 19. SEPTEMBER KL. 10:00 – KIRIKOU OG VILLIDÝRIN

ÞRIÐJUDAGUR 24. SEPTEMBER KL. 10:00 – SÖNGUR HAFSINS

HLÉ VEGNA RIFF

ÞRIÐJUDAGUR 8. OKTÓBER KL. 10:00 – THE KID

ÞRIÐJUDAGUR 8. OKTÓBER KL. 13:00 – FINDING NEVERLAND

FIMMTUDAGUR 17. OKTÓBER KL. 10:00 - Á LEIÐ Í SKÓLANN

FIMMTUDAGUR 17. OKTÓBER KL. 13:00 – Í BETRI HEIMI

ÞRIÐJUDAGUR 22. OKTÓBER KL. 10:00 - HUGO

ÞRIÐJUDAGUR 22. OKTÓBER KL. 13:00 – FROST/NIXON

VETRARFRÍ

FIMMTUDAGUR 31. OKTÓBER KL. 10:00 – HÆRRA EN SPRENGJUR

FIMMTUDAGUR 31. OKTÓBER KL. 13:00 – Í DEIGLUNNI

ÞRIÐJUDAGUR 5. NÓVEMBER KL. 10:00 – FINDING NEVERLAND

ÞRIÐJUDAGUR 5. NÓVEMBER KL. 13.00 – HUGO

FIMMTUDAGUR 14. NÓVEMBER KL. 10:00 – KIRIKOU OG VILLIDÝRIN

FIMMTUDAGUR 14. NÓVEMBER KL. 13:00 – THE ROYAL TENENBAUMS

ÞRIÐJUDAGUR 19. NÓVEMBER KL. 10:00 – FROST/NIXON

ÞRIÐJUDAGUR 19 NÓVEMBER KL. 13:00 – HÆRRA EN SPRENGJUR

FIMMTUDAGUR 28. NÓVEMBER KL. 10:00 – Á LEIÐ Í SKÓLANN/Í DEIGLUNNI

FIMMTUDAGUR 28. NÓVEMBER KL. 13:00 – SÖNGUR HAFSINS/Í BETRI HEIMI


SÝNINGAR, FRH:

ÞRIÐJUDAGUR 3. DESEMBER KL. 10:00 – THE KID

ÞRIÐJUDAGUR 3. DESEMBER KL. 13:00 – FINDING NEVERLAND

ÞRIÐJUDAGUR 10. DESEMBER. KL. 10:00 – THE ROYAL TENENBAUMS

ÞRIÐJUDAGUR 10. DESEMBER KL. 13:00 – HUGO



Verkefnisstjóri: Oddný Sen

Skráningar: oddnysen@gmail.com



Kvikmyndamiðstöð
ÍSLANDS
Icelandic Film Centre

EUROPA ★ CINEMAS
MEDIA • PROGRAMME OF THE EUROPEAN UNION

BÍÓ ★ PARADÍS
Heimili kvikmyndanna

Sýningarplan vegna skólasýninga haustið 2019

SEPTEMBER

dagur	dagur	kl. 10:00	kl. 13:00	titill	bekkur
sept. fim.	19.9.2019	10:00		Kirikou og villidýrin	1.-4. bekkur
sept. þri.	24.9.2019	10:00		Söngur hafsins	1.-4. bekkur

1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10.

HLÉ VEGNA RIFF

OKTÓBER

okt. þri.	8.10.2019	10:00		The Kid	3.-7. bekkur
okt. þri.	8.10.2019	13:00		Finding Neverland	7.-10. bekkur
okt. fim.	17.10.2019	10:00		Á leið í skólann	2.-7. bekkur
okt. fim.	17.10.2019	13:00		Í betri heimi	10. bekkur
okt. þri.	22.10.2019	10:00		Hugo	2.-4. bekkur
okt. þri.	22.10.2019	13:00		Frost/Nixon	8.-10. bekkur

VETRARFRÍ

okt. fim.	31.10.2019	10:00		Hærra en sprengjur	8.-10. bekkur
okt. fim.	31.10.2019	13:00		Í deiglu	9.-10. bekkur

NÓVEMBER

nóv. þri.	5.11.2019	10:00		Finding Neverland	7.-10. bekkur
nóv. þri.	5.11.2019	13:00		Hugo	2.-4. bekkur
nóv. fim.	14.11.2019	10:00		Kirikou og villidýrin	1.-4. bekkur
nóv. fim.	14.11.2019	13:00		The Royal Tenenbaums	8.-10. bekkur
nóv. þri.	19.11.2019	10:00		Frost/Nixon	8.-10. bekkur
nóv. þri.	19.11.2019	13:00		Hærra en sprengjur	8.-10. bekkur
nóv. fim.	28.11.2019	10:00		Á leið í skólann/Í deiglu	2.-7. bekkur/9.-10. bekkur
nóv. fim.	28.11.2019	13:00		Söngur hafsins/Í betri heimi	1.-4. bekkur/ 10. bekkur

DESEMBER

des. þri.	3.12.2019	10:00		The Kid	3.-7. bekkur
des. þri.	3.12.2019	13:00		Finding Neverland	7.-10. bekkur
des. þri.	10.12.2019	10:00		The Royal Tenenbaums	8.-10. bekkur
des. þri.	10.12.2019	13:00		Hugo	2.-4. bekkur

Form fyrir skóla:									
Til dæmis: Fimmtudagur xx.xx					Nafn skóla:				
KL.10:00/13:00	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Kennarar	Samtals
Fjöldi nem.									

-  Ætlað þessum aldurshópi
-  Getur hentað
-  Ef um tvær sýningar er að ræða sama dag



KVIKMYNDIR

KIRIKOU OG VILLIDÝRIN – Teiknimynd, ævintýri, gróður, dýralíf og menning í Ausutr-Afríku. Markmiðasetning, lífsleikni, hugrekki. 1.-4. bekkur

SÖNGUR HAFSINS – Ævintýri, teiknimynd, írskar munnmælasögur, töfraverur, hafið, samband systkina, gleði og sorg. 1.-4. bekkur.

THE KID – Bíóklassík, myndir Chaplin, samband feðga, fátækt, að vera utangarðs, þöglar myndir, grín, 3.-7. bekkur

FINDING NEVERLAND – Ævintýrið um Pétur Pan, ritstörf. leiklist, markmiðasetning, fjölskyldumynstur 7.-10. bekkur

THE ROYAL TENENBAUMS– Myndir Wes Anderson, sérstakt fjölskyldumynstur, samband systkina, ritsmíðar J.D. Salinger, grín. 8.-10. bekkur

Í DEIGLUNNI – Landnemar á 17. öld í Bandaríkjunum, nornaveiðarnar í Salem, leikrit Arthur Miller, tengsl við nefnd um óamerísk athæfi í kalda stríðinu. 9.-10. bekkur

Á LEIÐ Í SKÓLANN – Ólíkur aðbúnaður barna á ýmsum framandi slóðum, Afríku, Indlandi, Argentínu og Marokkó. Gildi menntunar, markmiðasetning, lífsleikni, 2.-7. bekkur

Í BETRI HEIMI– Ólíkir menningarheimar, félagsleg vandamál, fjölskyldutengsl, einelti í skóla, vinátta tveggja drengja, rasismi, móðurmissir, 10. bekkur

HÆRRA EN SPRENGJUR– Tengsl tveggja bræðra við föður þeirra eftir fráfall móður sem var stríðsljósmyndari, að uppgötva sjálfan sig á unglingsárum, standa með sjálfum sér, 8-10. bekkur

FROST/NIXON: Mannkynssagan, Watergatehneykslið, Richard Nixon, bandarísk stjórnsmál, viðtöl, almannatengsl, blaðamennska, sjónvarp, 8.-10. bekkur

HUGO – París, vísindi, töfrabrögð, lestarstöð, frumkvöðull kvikmyndanna George Méliès, vinátta, upphaf kvikmynda, 2.-4. bekkur

SKRÁNINGAR: oddnysen@gmail.com

